

# FUNDARGERÐ

## 146. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

**Fundarstaður:** Skrifstofa Mýrdalshrepps

**Fundartími:** Þriðjudagur 20. nóvember 2007 kl. 16:00.

**Mættir:** Undirritaðir aðal- og varamenn fræðslunefndar ásamt áheyrnarfulltrúum.

**Ritari fundarins:** Inger Schiöth

**Formaður, Björgvin Jóhannesson setti fund og stjórnaði.**

### Gerðir fundarins:

#### I. Leikskólinn kl. 16:00

Á fundinn eru mætt Aðalheiður Sigþórsdóttir leikskólastjóri, Halla Ólafsdóttir fulltrúi starfsmanna og Victoria Jonsson fulltrúi foreldrafélagsins og fulltrúi kennara.

##### 1. Bréf leikskólastjóra dags. 10. nóvember 2007

Í bréfinu er óskað eftir samþykki fræðslunefndar að frá og með 1. janúar 2008 verði bætt við 87,5% stöðu deildarstjóra sem skiptast myndi á yngri og eldri deild leikskólans í Suður-Vík þannig að starfandi deildarstjórar fái allan vinnutíma sinn greiddan í samræmi við þá ábyrgð sem þeira bera í sínu starfi. Frá 1. janúar 2007 hefur verið 1 staða deildarstjóra á leikskólanum sem hefur skiptst jafnt á báðar hæðir. (Meðfylgjandi er starfslýsing deildarstjóra leikskólans)

Samþykkt

##### 2. Fjárhagsáætlun 2008 fyrri umræða – áherslupunktur stjórnanda.

Aðalheiður upplýsti að ráðið hefði verið í 50% stöðu frá og með 1. des. 2007, og er þá leikskólinn fullmannaður.

Fjárhagsáætlun 2008 vísað til seinni umræðu.

##### 3. Önnur mál

Aðalheiður og Halla upplýsa að þróunarverkefni við tónskólann gangi vel.

Aðalheiður kemur til með að senda fræðslunefndinni fréttabréf leikskólans sem út kemur mánaðarlega.

Danskennslan gekk mjög vel og voru foreldrar ánægðir með að danssýningin hafi verið færð í íþróttamiðstöðina.

Á degi íslenskrar tungu kom Kristín Marti, eitt foreldrið, með frumsamda skáldsögu og las fyrir börnin.

Victoria upplýsti að foreldrafélagið hefði fundað og fyrirhuguð væri foreldrasamkoma í leikskólanum.

Öryggisvesti eru væntanleg fyrir börn og fullorðna

Aðalheiður og Halla yfirgefa fundinn.

#### II. Tónskólinn 16:30

Á fundinn er mættur Kristinn Jóhann Níelsson tónskólastjóri.

##### 1. Fjárhagsáætlun 2008 – áherslupunktur stjórnanda.

Kristinn upplýsir að áherslur vegna ársins 2008 séu helst tengdar því að tónskólinn þurfi að tækjavæðast t.d. vanti upptökutæki, kassagítar og magnara.

Endurskipuleggja þarf vinnuaðstöðu. Kristinn telur að þörf sé á litlum sal. Sal þar sem píano gæti staðið og hægt sé að koma með lítinn hóp, tónleika, vera með upplestur o.s.frv. Fjárhagsáætlun 2008 er vísað til síðari umræðu.

**2. Önnur mál**

Kristinn upplýsir að fyrirhugaðir séu jólatónleikar, sem hann ætlar að þessu sinni að skipta í tvenna styttri tónleika.

Kristinn yfirgefur fundinn.

**III. Grunnskólinn 17:10**

Á fundinn eru mætt Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir aðstoðarskólalastjóri og Victoria Jonsson sem fulltrúi kennara.

**1. Haustskýrsla 2007**

Lögð fram og samþykkt.

**2. Fjárhagsáætlun 2008 – áherslupunktur stjórnanda.**

Kolbrún Ósk lagði fram minnisblað vegna fjárhagsáætlunar dags. nóv. 2007 þar sem fram koma helstu áherslur vegna fjárhagsáætlunar. Forgangsröðunin er stjórnumerkt. Má þar nefna gangahúsgögn, húsgögn í fundarherbergi, ný gólfefni, endurnýja og skipuleggja heimilisfræðistofu, raungreinar ofl.

Fjárhagsáætlun fyrir 2008 er vísað til síðari umræðu.

**3. Önnur mál.**

Björgvin spurðist fyrir um foreldraráð. Kolbrún upplýsti að kjörseðlar með forvali í foreldraráð væru tilbúnir. Fræðslunefnd ítrekar að foreldraráði verði komið á hið fyrsta.

Kolbrún Ósk upplýsti að von væri á nýjum nemanda í skólann.

Kolbrún og Victoria yfirgefa fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 18:35

---

Inger Schiöth

---

Björgvin Jóhannesson  
Formaður

---

Bergþóra Ástþórsdóttir

---

Guðný Sigurðardóttir

---

Andrína Guðrún  
Erlingsdóttir